

Verklagsregla

Meðferð á stofnunum erlendis vegna átröskunar

Í lögum um sjúkratryggingar er kveðið á greiðslur Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) fyrir lækni meðferð erlendis og hafa ákvæði laganna verið nánar útfærð í reglugerð. Þá gilda einnig evrópskar reglur á þessu sviði.

Í reglugerð nr. 712/2010, um brýna lækni meðferð erlendis þegar ekki er unnt að veita nauðsynlega aðstoð hér á landi, segir að SÍ greiði fyrir lækni meðferð erlendis (á grundvelli 1. sbr. 3. mgr. 23. gr. laganna) ef ekki er unnt að veita viðkomandi nauðsynlega aðstoð hér á landi.

Meðferð við átröskun er í boði á Íslandi þó almennt sé ekki um innlögn að ræða heldur göngudeildarþjónustu. Þá segir einnig:

Ekki er heimilt að taka þátt í kostnaði vegna annars konar meðferðar en lækni meðferðar, svo sem þjálfunar eða sálfræðimeðferðar. Þá er það skilyrði að um ákveðna afmarkaða meðferð sé að ræða, sem oftast lýkur á skömmum tíma og varir í hæsta lagi örfáa mánuði í alvarlegustu tilvikunum. Ekki er heimilt að taka þátt í kostnaði vegna vistunar á stofnunum erlendis um lengri tíma.

Það hefur sýnt sig að meðferð vegna átröskunar á erlendum stofnunum er nánast alltaf bundin við margra mánaða meðferð og í mörgum tilfellum er fyrst og fremst um sálfræðimeðferð og þjálfun að ræða en ekki eiginlega lækni meðferð. Slík meðferð samrýmist því ekki ofangreindu ákvæði reglugerðarinnar og SÍ er þ.a.l. ekki heimilt að samþykkja meðferð á grundvelli 1. mgr. 23. gr. laga um sjúkratryggingar.

Þeir einstaklingar sem óska eftir að dveljast á meðferðarstofnunum erlendis vegna átröskunar geta samt sem áður óskað eftir greiðsluþátttöku SÍ á grundvelli s.k. landamæratilskipunar, þar sem skilyrði til greiðsluþátttöku eru rýmri. Skilyrði er að sótt sé um hana áður en meðferð hefst. SÍ endurgreiða þá viðkomandi sömu fjárhæð og meðferð hér á landi hefði kostað.

Verklagsregla: SÍ afgreiða umsóknir vegna meðferðar á átröskun á erlendum sjúkrastofnunum á grundvelli landamæratilskipunar, sbr. reglugerð nr. 484/2016. Ekki er heimilt að samþykkja greiðsluþátttöku í slíkri meðferð á grundvelli 1. mgr. 23. gr. laga um sjúkratryggingar.

Regla þessi gildir frá 20. apríl 2018